

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2022 – lögð fram í febrúar 2022

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2022 verði kr. 1.668.587.011 samanborið við kr. 1.630.993.674 árið 2021.

Meirihluti tekna KSÍ (eða um 80%) er í erlendri mynt og því skiptir gengi sem notað er í fjárhagsáætlun miklu máli. Að tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum þann 10. febrúar 2022 að taka upp nýja gengisviðmiðun í samræmi við spá Landsbanka Íslands (viðskiptabanka KSÍ). Þetta var gert í ljósi þess að efnahagshorfur eru á þann veg að gengið á mynt muni lækka verulega á árinu. Gengi sem notað er í áætlun 2022 er EUR 143 og USD 126. Síðustu ár hefur verið miðað við skráningu gengis á lokadegi ársins í fjárhagsáætlun.

	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.071.902.246	1.085.704.618	1.104.653.109
Tekjur af landsleikjum	86.350.000	110.920.029	148.090.000
Sjónvarpsréttur	359.050.381	303.376.219	311.800.000
Aðrar rekstrartekjur	88.128.000	69.167.950	67.303.500
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	63.156.384	61.824.858	62.000.000
	1.668.587.011	1.630.993.674	1.693.846.609

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, Íslenskum getraunum og ÍSí.

Árið 2022 er gert ráð fyrir 708 mkr frá UEFA í stað 549 mkr árið 2021. Framlag UEFA sveiflast milli ára, m.a. þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar eru annað hvert ár, og svo er misjafnt hversu mikið kemur úr HatTrick styrkjakerfi UEFA.

Núverandi styrkjatímabil UEFA, HatTrick V, hófst árið 2020 og er til fjögurra ára. Árleg framlög UEFA til rekstrar eru allt að 2,4 milljón evra, en eru háð því að vissum skilyrðum sé fullnægt. Á tímabilinu fjármagnar UEFA verkefni fyrir 4,5 milljón evra og strax var tekið til hliðar 1 milljón evra í mannvirkjasjóð KSÍ.

Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 146 mkr árið 2022, samanborið við 315 mkr árið 2021. Framlög FIFA árin 2020 og 2021 til aðildarsambanda sinna voru hærri en verið hefur þar sem árið 2020 kom sérstakt Covid-framlag að upphæð 1 milljón USD og árið 2021 var framlagið 500.000 USD. Þetta eru einu beinu framlögin sem KSÍ hefur fengið vegna heimsfaraldurs Covid 19.

Árið 2019 hófst fjögurra ára styrkjahringur FIFA (*FIFA forward*). Árlegt framlag FIFA til rekstrar er 1 milljón USD og á tímabilinu fjármagnar FIFA verkefni fyrir 2 milljónir USD. Árið 2022 er því lokaár yfirstandandi styrkjatímabils FIFA. Ekki hafa komið upplýsingar um fjárframlag FIFA á næsta tímabili.

Gert er ráð fyrir að greiðslur frá Getraunum og ÍSÍ verði svipaðar á milli ára, eða um 64m króna.

Í fjárhagsáætlun 2022 er ekki gert ráð fyrir framlagi úr afrekssjóði ÍSÍ, en KSÍ hefur ekki fengið úthlutun úr sjóðnum síðan árið 2017 (8,4mkr). Stjórn KSÍ hefur óskað eftir rökstuðningi frá ÍSÍ vegna höfnunar á umsókn KSÍ um styrk og er það einbeittur vilji fráfarandi stjórnar að KSÍ beiti sér fyrir því að sambandið fái úthlutun til samræmis við umfang afreksstarfs.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði 153 mkr árið 2022. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningum og vörumerkjasamningum. Árið 2021 námu þessir styrkir 161 mkr.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að tekjur af landsleikjum verði 86 mkr árið 2022 og er gert ráð fyrir 40% sætanýtingu (miðasölu) á heimaleiki A landsliðs karla. Nefna má að árið 2019 voru þessar tekjur kr. 190 milljónir. Áætluð miðasala er áætluð með hliðsjón af þeirri keppni sem A landslið karla tekur þátt í á árinu (þjóðadeild UEFA) svo og mótherjum (Rússland, Ísrael og Albanía).

Aðrar landsleikjatekjur samanstanda af heimaleik A landsliðs kvenna, heimaleikjum U21 landsliðs karla og útileikjum A landsliðs karla, og eru samtals um 18 milljónir króna.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir leiki A landsliðs karla til UEFA frá september 2018 til júní 2022 og er KSÍ skuldbundið til að leika 40 leiki (10 leiki á ári) á því tímabili. Greiðslan fyrir réttinn er 10 milljónir evra fyrir tímabilið 2018-2022. Í júní 2022 tekur við nýr sjónvarpssamningur sem gildir til ársins 2028.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 88 mkr árið 2022 samanborið við 69 mkr árið 2021. Þetta eru t.d. tekjur af mótum, fræðslunámskeiðum og húsaleigu.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2022 rúmar 63 mkr þar vega þyngst greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þess fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. Að frumkvæði KSÍ samþykkti Reykjavíkurborg árið 2021 árlegt viðbótarframlag (17 mkr á ári) til KSÍ vegna reksturs Laugardalsvallar.

Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2022 verði kr. 1.532.366.670, samanborið við kr. 1.505.589.314 árið 2021.

Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun starfsársins 2022 er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í riðlakeppni EM A kvenna. Ef liðið kemst upp úr riðlinum eða ef önnur landslið vinna sér sæti í úrslitakeppni á árinu verður lögð fram sérstök áætlun fyrir þau verkefni.

Í sameiginlegum landsliðskostnaði (35 mkr) eru m.a. liðir eins og eFótbolti, búningar, þvottur, sjúkravörur, sjúkraskráningarkerfi KSÍ og kostnaður við heilbrigðismál.

Hér má sjá sundurliðun á áætluðum kostnaði landsliða árið 2022, borið saman við raunkostnað 2021 og 2020. Hafa ber í hug að kostnaður við landsliðin árin 2020 og 2021 markaðist af því að fjöldi landsleikja féll niður vegna Covid-19. Þrjú yngri landsliða KSÍ taka þátt í milliriðlum EM vorið 2022, það eru U19 karla, U19 kvenna og U17 kvenna.

	Áætlun 2022	Raun 2021	Raun 2020
A-landslið karla	283.438.442	347.677.427	294.530.740
U-21 landslið karla	69.455.175	70.701.778	58.142.391
U-19 landslið karla	45.681.041	29.792.390	12.280.037
U-17 landslið karla	43.460.461	27.722.795	17.941.091
A-landslið kvenna	174.059.315	161.607.170	130.792.373
U-23 landslið kvenna	5.000.000	0	0
U-19 landslið kvenna	35.538.586	19.946.091	19.607.122
U-17 landslið kvenna	37.284.066	26.123.634	15.260.061
Hæfileikamótun	32.760.752	27.206.139	22.797.351
Sameiginlegur landsliðskostnaður	35.710.000	30.755.050	55.482.015
	762.387.838	741.532.474	626.833.181

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður hækki á milli ára, úr 213 mkr í 235 mkr. Gert er ráð fyrir fjölgun leikja í efstu deild karla. Kostnaður við dómara vegur þyngst í mótakostnaði, eða 86%, en áætlaður kostnaður við dómaramál er 207 mkr. Gert er ráð fyrir 6 mánaða átaksverkefni við stefnumótun í dómaramálum, en meðal helstu markmiða þessa verkefnis er að fjölga dómurum um allt land, koma til móts við fjölgun leikja í deildum og auka gæði dómgæslu á öllum stigum.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 64 mkr. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn og ferðakostnaður.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Í liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 18 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu, auk þess sem gert er ráð fyrir nýju stöðugildi frá og með öðrum ársfjórðungi. Í nýju stöðugildi verður m.a. sinnt verkefnum sem eru skilyrt frá UEFA til að halda HatTrick greiðslum, en það eru verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð, útbreiðslumálum og heilindaverkefnum (samtals 350.000

evrur á ári). Þá er í fjárhagsáætlun 2022 gert ráð fyrir því að hægt sé að bæta við sviðsstjóra knattspyrnusviðs frá haustinu 2022.

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2022 rúmar 242 mkr.

Gert er ráð fyrir því að skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 63 mkr árið 2022. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 23 mkr, aðkeypt sérfræðiaðstoð 6 mkr, fundakostnaður 7 mkr. Árið 2021 hófst vinna við að skoða upptöku á nýju mótakerfi fyrir KSÍ. Gert er ráð fyrir því að sú vinna haldi áfram árið 2022 og mögulega hefjist innleiðing á nýju kerfi árið 2023.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 24 mkr árið 2022. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 93 mkr. Rekstrargjöld vallarins sveiflast á milli ára í samræmi við fjölda leikja á vellinum. Helsti kostnaðarliðir við rekstur vallarins er launakostnaður, öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði 118mkr. Framlag KSÍ til barna- og unglíngastarfs (til annarra félaga en þeirra sem léku í efstu deild karla sem fá sérstakt framlag frá UEFA) er áætlað 50 mkr. Enn fremur er það tillaga fráfarandi stjórnar að forsendur til úthlutunar verði endurskoðaðar haustið 2022 (núverandi úthlutunarreglur eru eingöngu miðaðar við stöðu meistaraflokks og hvort að viðkomandi félag tefli fram yngri flokkum). Þess má geta að árið 2022 kemur í fyrsta sinn frá UEFA framlag til félaga í efstu deild kvenna vegna Meistaradeildar UEFA (kvenna). Greiðslur vegna leyfiskerfis verði 41,1 mkr. verðlaunafé móta rúmar 8 mkr og þá er gert ráð fyrir að hlutur KSÍ vegna ferðapátttökugjalds verði tæpar 19 mkr. árið 2022.

Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir 21mkr hækkun á sjóði sambandsins á árinu 2022. Við gerð rekstraráætlunar 2022 var litið til rekstrar sambandsins til loka ársins 2025 og þær sveiflur sem einkenna rekstrarumhverfi sambandsins metnar. Það er markmið KSÍ að halda áfram að þróa rekstur sambandsins með stöðugleika og sjálfbærni að leiðarljósi.